

**1996 nr. 14 11. mars****Lög um flutninga á skipgengum vatnaleiðum vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu**

Tóku gildi 15. apríl 1996. EES-samningurinn: XIII. viðauki. Breytt með: L. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011), L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við innviðaráðherra eða innviðaráðuneyti sem fer með lög þessi.

**■ 1. gr.**

Markmið laga þessara er að tryggja gagnkvæman frjálss-

an aðgang skipa, sem skráð eru í aðildarráttum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, að skipgengum vatnaleiðum innan EES.

**■ 2. gr.**

[Ráðherra]<sup>1)</sup> er heimilt að setja reglugerðir að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga á grundvelli 1. gr. laga þessara.<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 217. gr. <sup>2)</sup> Augl. 117/1997.

**■ 3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.